

Reykjavík, 28. september 2016

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga, 841. mál

Siðfræðistofnun þakkar Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis fyrir tækifæri til að veita umsögn um frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem nú liggur fyrir Alþingi.

Ýmsar spurningar vakna um þær viðbætur sem lagðar eru til með frumvarpinu um umhverfisvernd, náttúruauðlindir og þjóðaratkvæðagreiðslur á grundvelli undirskrifa. Talverð umræða hefur átt sér stað um ákvæðin á síðustu mánuðum og má helst merkja af gagnrýninni að ganga ætti lengra í breytingum á einstökum atriðum. Þrátt fyrir að í sumum tilvikum megi taka undir þá gagnrýni telur stofnunin mikilvægt, ekki síst í ljósi þess í hvaða ógöngur tilraunir til breytinga á stjórnarskránni hafa ratað, að ákvæðin verði samþykkt í núverandi mynd. Þau fela í sér áfanga sem eru til bóta fyrir samfélagið.

F.h. Siðfræðistofnunar HÍ



Vilhjálmur Árnason,
Prófessor og formaður stjórnar
Siðfræðistofnunar.